

## **Stjórnarfundur Prentsöguseturs 12.08. 2021**

**Fundarstaður:** Prentsögusetur, Laugavegur 29B, kl 10:00.

**Mættir:** Haukur Már Haraldsson, Tryggvi Þór Agnarsson, Grímur Kolbeinsson, Heimir Örn Gunnarsson, Hjörtur Guðnason og Katrín Jónsdóttir.

### **Dagskrá fundar:**

1. Staðan í Skálholti
  - a. Húsnæðið
  - b. Tækjamál, gámarnir
  - c. Staða hönnunar
  - d. Hugmyndafræðihópurinn.
2. Húsnæði til að skoða tækin
3. Framtíðarhúsnæði
4. Fjármálin
5. Önnur mál.

#### **1. Skálholti.**

Síðar í dag munu Haukur og Tryggvi fara að Skálholti og skrifa undir samkomulag um tilhögun um sýninguna og samstarf við Kristján Biskup.

- a. Staðan er þannig að framkvæmdir ganga vel og fljótlega kemur að okkur í þessum framkvæmdum.
- b. Skoða þarf hvað gámar innihalda, yfirfara og henda því ekki nýtist okkur.
- c. Hönnun sýningar gengur vel og er skipulag hennar að vera tilbúið.
- d. Hugmyndahópur verður kallaðir saman í næstu viku.

#### **2. Húsnæði til að skoða tæki**

Samþykkt að hnykkja á tilkynningun á Facebook um aðstoð við að finna stað í ca 3 mánuði, þar sem hægt væri að skoða innihald gámana og velja úr. Grímur mun einnig hafa samband við nokkra aðila í sama tilgangi.

#### **3. Framtíðar húsnæði.**

Nokkrar umræður urðu um öflun húsnæðis til frambúðar, ekki síst með tilliti til fjáröflunar og rekstrar. Engar ákvarðanir teknar en stjórnarmenn velta fyrir sér möguleikum.

#### **4. Fjármál.**

Fjármál standa þrýðilega. Það veldur ánægju hve tekist hefur að fjölga félagsmönnum. okkar.

## 5. Önnur mál.

- a. Katrín og Hjörtur munu vinna að tillögu að þakkarkorti og minningakort.
- b. Bjóða þarf styrkveitendum um að fá línu á heimasíðu okkar.
- c. Okkur barst smáhluti frá dánarbúi Skapta Ólafssyni sem Sævar Skaptason kom til Hjartar.
- d. Hauki barst kassi með myndum og fleiri hlutum frá Jóni Ólafssyni.
- e. Katrín sagði að eitthvað af fólki kæmi að skoða Gömlu Prentsmiðjuna en Svavar hefur verið að leiðbeina fólki og hefðu menn gjarnan vilja hitta einhverja fagmenn. Hún sagði einnig frá þeirri ætlan kjallarahópsins að gera myndbönd af tækjum kjallarans í gangi. Þannig mætti sýna gestum kjallarans hvernig bók verður til. Hugmynd er að leita samninga við borgarstjórn um að í Gömlu prentsmiðjunni verði grunnskólabörnum kynnt bókagerð fyrri tíma.

Fundi slitið 10:55.

Grímur Kolbeinsson, ritari